

L Ö G

41
23. júní

um

Jöfnunarsjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögboðnum
og óhjákvæmilegum greiðslum og handbært fé ríkissjóðs samkvæmt sjóðsyfirliti
nemur meiru en 4 milljónum króna, skal leggja það, sem umfram er, í sjóð, er
nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má ekki veita lán úr honum.

2. gr.

Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, ber að greiða af hand-
bæru fé ríkissjóðs það, sem til er umfram 4 milljónir, en það, sem á vantar,
greiðist úr Jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til.

3. gr.

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé
til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu
ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

4. gr.

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi
þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja
því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs, að fengnu samþykki fjárhags-
nefnda Alþingis.

41

23. júní

5. gr.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

42

23. júní

L Ö G

um

sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að selja af landi Auðkúlu í Svínadal það, sem liggur fyrir sunnan Dældarhaus.

2. gr.

Um verð á landi þessu fer eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Þorsteinn Briem.